

*Náttúrustofa Austurlands*

## **Fuglalíf við byggð undir Bjólfi í Seyðisfirði 1997**

Halldór Walter Stefánsson

Mars 1998

## Inngangur

Að beiðni Náttúrustofu Austurlands fór höfundur til Seyðisfjarðar ásamt Guðrúnu Jónsdóttur þann 22. júní 1997. Komið var þangað kl.7<sup>05</sup>. Farið á Bæjarskrifstofuna og hitt þar fyrir Sigurð Jónsson bæjartæknifræðing sem lét okkur í té upplýsingar og ýmis gögn um svæðið. Farið var á vettvang kl.8<sup>00</sup> og fuglar skoðaðir til kl.10<sup>30</sup>.

Veðurskilyrði á athugunartíma voru þökkaleg, gola af hafi, skýjað og þokubelti ofan við miðjar fjallshlíðar, hiti um 4 til 7 gráður.

## Athuganir

Athugunarsvæðið er ofan byggðarinnar í Bakkahverfi og við Fjörð upp í klettabeltið. Byrjað var að skoða svæðið innst og efst sem er tún og órækt inn undir grafreit. Sniðtalning var gerð en athugunarsvæðið er frekar mjótt til að slík könnun komi að notum. Svæðið ber merki gamalla búskaparháttanna sem er að mestu órækt af sinu og mosa. Dálítið af gróðri er þar efst undir hjöllum og er fábrotinn og mun að mestu leyti sleppa við jarðrask. Klettarnir eru grónir, þ.e. syllur og vel gróið á milli þeirra.

Að lokinni skoðun á svæðinu var talið ástæðulaust að kanna það frekar. Vegna skilyrða á athugunardag gafst ekki tækifæri til að skoða fuglalífið upp í Bjólfinum sjálfum en talið ólíklegt að þar kynni að þrífast blómlegra fuglalíf en niður við byggð.

## Niðurstöður

Eftirfarandi fuglategundir sást í könnuninni á athugunardag; fýll, heiðlóa, hrossagaukur, spói, stelkur, silfurmafur, þúfuttlingur, maríuerla, steindepill og skógarþröstur, samtals 10 tegundir og voru það 36 einstaklingar.

Tímasetning og veður á athugunardag gat hafa haft áhrif á niðurstöður könnunar en þó tel ég að það hafi ekki komið að sök.

## Tegundir

**Fýll** (*Fulmarus glacialis*) : Aðeins einn fugl sást á flugi yfir svæðinu á athugunardag en ekki ólíklegt að fýllar eigi sér setstaði eða verpi jafnvel í Bjólfinum.

**Heiðlóa** (*Pluvialis apricaria*) : Tvær heiðlóur sást á svæðinu, kom önnur þeirra fljúgandi að utan og fór inn yfir svæðið en hin var þögul á jörðu niðri.

**Hrossagaukur** (*Gallinago gallinago*) : Fimm fuglar sást og voru fjórir þeirra hneggjandi en einn gaggaði á jörðu niðri.

**Spói** (*Numenius phaeopus*) : Tveir til þrjár spóar heyrðust vellandi innan við svæðið.

**Stelkur** (*Tringa totanus*) : Þrjú æst stelkspör (líklegt varpatferli) sást innarlega á svæðinu.

**Silfurmáfur** (*Larus argentatus*) : Alls sáuust fimm fuglar á flugi og láu flugleiðir þeirra þannig; einn flaug inn eftir, einn flaug inn og upp, einn flaug inn eftir miðju sniði og tveir flugu saman til fjalls frá bæ.

**Þúfutittlingur** (*Anthus pratensis*) : Þrír fuglar sáuust á flugi og var einn þeirra syngjandi.

**Maríuerla** (*Motacilla alba*) : Aðeins einn fugl sást á svæðinu innarlega, líklega kvenfugl, þögun á flögri við kofa, virtist hafa helgað sér óðal.

**Steindepill** (*Oenanthe oenanthe*) : Þrír fuglar sáuust á svæðinu, eitt par saman og báðir fuglarnir með æti og einn karlfugl elti ákafur einn skógarþröst sem bar æti, og á einum stað fannst eggjaskurn steindepils.

**Skógarþröstur** (*Turdus iliacus*) : Átta fuglar sáuust á svæðinu, hreiður fannst á einum stað með eggjum í og voru báðir fuglarnir við hreiðrið, tveir fuglar sáuust bera æti, einn fugl var syngjandi, tveir voru saman ofan í skurði innarlega á svæðinu og einn fugl sat þögull við girðingu utarlega á svæðinu.

## Sniðtalning

Eins og áður sagði voru fuglar taldir á sniði, en vegna staðhátta, legu svæðis og smæðar þess verður að nota niðurstöður úr talningunni til frekari mats á fjölda og útbreiðslu fugla á svæðinu varlega.

Sniðið var tekið á móts við Gilsbakkaveg og lá það 350 til 400 metra út eftir hlíðinni undir neðsta klettabelti, það var 2 x 50 metra breitt og því um 3,5 til 4,0 ha. að stærð.

Af þeim 10 fuglategundum sem sáuust á öllu athugunarsvæðinu komu 7 fram í sniðinu og tæplega helmingur af heildarfjölda allra fuglana, þ.e. 15 af 36 einstaklingum.

Eftirfarandi fuglar sáuust í sniðtalningunni; fýll (1 fugl), heiðlóa (2 fuglar), hrossagaukur (1 fugl), silfurmáfur (3 fuglar), þúfutittlingur (2 fuglar), steindepill (1 fugl) og skógarþröstur (5 fuglar).

Af þeim 36 fuglum sem sáuust voru 8-9 þeirra á flugi sem nýttu sér ekki svæðið. Að minnsta kosti sjö af þeim tíu fuglategundum sem hér um ræðir eru líklegir varpfuglar á svæðinu, en það eru; heiðlóa, hrossagaukur, stelkur, þúfutittlingur, maríuerla, steindepill og skógarþröstur.

## Aðrar tegundir

**Stökkönd** (*Anas platyrhynchos*) : Fuglar sjást með unga á Fjarðaránni á sumrin en líklega verpa þær innan við athugunarsvæðið (munnlegar upplýsingar Hilmar Eyjólfsson, Seyðisfirði).

**Urtönd** ( *Anas crecca* ) : Fuglar sjást með unga á Fjarðaránni á sumrin en líklega verpa þær innan við athugunarsvæðið (munnlegar upplýsingar Hilmar Eyjólfsson, Seyðisfirði).

**Fálki** ( *Falco rusticolus* ) : Sagður verpa í svonefndu “Fálkagili”, sást ekki á athugunardag ( upplýsingar frá fyrrnefndum Sigurði Jónssyni, Seyðisfirði ).

**Smyrill** ( *Falco columbarius* ) : Undanfarin ár hefur smyrill verpt í Jókugili. Hann verpti ekki þar í ár en þó sást fjölskylda við grafreitinn í haust (munnlegar upplýsingar Hilmar Eyjólfsson, Seyðisfirði).

**Hrafn** ( *Corvus corax* ) : Verpir ekki í Bjólfinum heldur aðeins að sunnaverðu í firðinum (munnlegar upplýsingar Hilmar Eyjólfsson, Seyðisfirði).

## Ályktun

Það er ljóst að vegna staðhátta mun ekkert af því fuglalífi sem fyrir er á svæðinu komast hjá verulegri röskun á meðan á framkvæmdum stendur við gerð varnagarða í fyrsta hluta snjóflóðavarna Seyðisfjarðar.

Þess skal getið að fuglalíf á umræddu svæði flokkast undir það að vera ákaflega rýrt og fáskrúðugt enda hefur svæðið ekki upp á annað að bjóða.

Þessi gríðarlegu varnarvirki sem þarna er fyrirhugað að komi munu eflaust skapa skilyrði fyrir fjölskrúðugra fuglalíf þegar fram líða stundir.

Við lokafrágang framkvæmda kæmi það fuglalífi til góða að hugað væri að þeim þáttum sem stuðluðu að vistlegu umhverfi fyrir þá, m.a. með plöntun trjáa og að útbúin yrði tjörn í skjóli garðsins.